

Fundur stjórnar FMR 21. október 2020 kl. 17:00-18:00

(fjarfundur)

Mætt: Geirprúður Alfreðsdóttir, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoega, Katrín Heiðar, Rósa Björk Brynjólfsson og Thor Aspelund.

Rektor fór yfir stöðuna með stjórn og að hún bindi vonir til að hefja staðkennslu eftir vetrarfrí.

Stjórn fór yfir áhyggjur foreldra af lengd fjarkennslu, af áhugaleysi nemanda vegna m.a. fremur þurrar framsetningar á námsfögunum, einnig viðruðu stjórnarmeðlimir áhyggjur af möguleikum á brottfalli og fleiri neikvæðum áhrifum af fjarkennslunni. Rektor sagði að ekkert brottfall hefði orðið núna í þessari haust-bylgju en fylgst væri vel með „viðkvæmum“ og óvirkum nemendum með aðstoð námsráðgjafa, hún minnti líka á að kennarar hefðu ekki verið undirbúnir fyrir kennsluáætlun í fjarkennslu enda væri fjarkennsla sér kennslumáti sem þyrfti sérstaka færni og undirbúning fyrir. Rektor tjáði stjórnarmeðlimum af sérstökum áhyggjum sínum af nýnemum sem hefðu ekki fengið almennilegt tækifæri á að hefja skólann með venjulegum hætti. Hún sagðist því hafa ákveðið að hafa samband við hvern einasta nýnema persónulega.

Rektor upplýsti um að fundir eru haldnir vikulega með Félagi skólastjórnenda og að hún ætli að funda með kennurum MR 21. október, daginn eftir fundinn með stjórn Foreldrafélagsins, einnig sé fyrirhugaður fundur með menntamálaráðherra með skólastjórnendum öllum föstudaginn 23. október.

Stjórnarmeðlimir viðruðu hugmyndir við rektor um nýtingu á nærliggjandi húsum eða öðru leiguhúsnæði til að hafa meira pláss á milli nemanda og hefja á þann hátt eh. hluta staðkennslu, einnig hvort sumar greinar gætu hafið staðkennslu – rektor sagði að ekki væri möguleiki á því að leigja stærra húsnæði og erfitt væri að gera upp á milli námsgreina um hverjar ættu/gætu hafist í staðkennslu og aðrar ekki. Einnig sagði rektor aðspurð að allir framhaldskólar þyrftu að lúta sömu sóttvarnartilmælum nema heimavistarskólinn að Laugum í Reykjadal. Framhaldsskólarnir á höfuðborgarsvæðinu væru ekki einsdæmi.

Stjórnarmeðlimir báru upp hugmyndir um að bjóða nemendum upp á sumarnámskeið í eh fögum og tók rektor vel í það og ætlar að þróa þá hugmynd nánar. Ætlar rektor að leggja til við ráðuneytið að fá viðbótarfjármagn til þessa. Með þessu geta nemendur í fjórða og fimmta bekk tekið færri próf í desember og tekið þá haustnámskeið í sumar. Þetta yrðu ákveðin námskeið sem væri boðið upp á. Valkvætt. Einnig kæmi til greina að bjóða upp á viðbótarnámskeið í sumar þannig að þeir sem ljúka öllum einingum í haust geti engu að síður sótt skólann næsta sumar upp á félagsskapinn og viðbótarnám að gera.

Spurt var um jólaprófin og sagði rektor að jólapróftaflan væri klár og tilbúin og unnið væri að því að halda henni til streitu.

Rætt var hvort skoða ætti að streyma jógatímum fyrir nemendur. Mikil ánægja var með jógatímana sem boðið var upp á í vetur. Ákveðið að skoða þetta frekar.

Önnur mál; Skólafélagið er að reyna að halda úti einhverju félagslífi á netinu fyrir nemendur og óskaði eftir styrk stjórnar Foreldrafélagsins til að útvega vinninga fyrir net-bingó. Það var samþykkt að veita 50 þúsund krónum til þess.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Fundi slitið

Fundargerð ritaði Rósa Björk Brynjólfsdóttir